Qualified Electronic Signature
BRAGI BJARNASON
Personal code: 250481-5359
2025-03-18 09:48:50 GMT
Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature
ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR
Personal code: 251070-3189
2025-03-18 11:34:48 GMT
Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature
PÉTUR GEORG MARKAN
Personal code: 160281-5459
2025-03-19 14:04:41 GMT
Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature
FRIÐRIK EINARSSON
Personal code: 170780-4699
2025-03-19 16:47:51 GMT
Purpose: Signature

# Almannavarnir Árnessýslu

## Ársreikningur 2024

Almannavarnir Árnessýslu
Árvegi 1
800 Selfoss

Kt. 651093-2369

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnar

Almannavarnir Árnessýslu hafa yfirumsjón með almannavörnum í Árnessýslu.

Engin laun voru greidd á árinu.

Rekstrarniðurstaða Almannavarna á árinu 2024 var jákvæð um 1,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé Almannavarna nam 5,8 millj. kr. í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Almannavarna Árnessýslu staðfestir hér með ársreikning Almannavarna fyrir árið 2024 með undirskrift sinni.

Selfossi, 18. mars 2025.

Stjórn:

Ásta Stefánsdóttir
Bragi Bjarnason
Pétur G. Markan

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 18. mars 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Almannavarna Árnessýslu

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Almannavarna Árnessýslu („stofnunin") fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2024 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 18. mars 2025.

***KPMG ehf.***

Friðrik Einarsson

# Rekstrarreikningur árið 2024

| | Skýr. | 2024 | Fjárhags-<br>áætlun | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Framlög aðildarsveitarfélaga.................................................... | 3 | 7.396.400 | 7.396.400 | 6.732.720 |
| | | 7.396.400 | 7.396.400 | 6.732.720 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Framlag vegna verkefnastjóra ................................................ | 5 | 4.724.940 | 4.800.000 | 4.616.040 |
| Annar rekstrarkostnaður......................................................... | 4 | 1.583.967 | 2.596.400 | 1.466.170 |
| | | 6.308.907 | 7.396.400 | 6.082.210 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ...... | | 1.087.493 | 0 | 650.510 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur............................................................................... | | 124.282 | 0 | 108.708 |
| Fjármagnstekjuskattur............................................................. | | ( 27.342) | 0 | ( 23.916) |
| | | 96.940 | 0 | 84.792 |
| Rekstrarniðurstaða................................................................. | 2 | 1.184.433 | 0 | 735.302 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 6 | 143.862 | 118.002 |
| Handbært fé | | 6.596.513 | 5.421.390 |
| Veltufjármunir samtals | | 6.740.375 | 5.539.392 |
| **Eignir samtals** | | 6.740.375 | 5.539.392 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | 2 | 5.773.825 | 4.589.392 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 966.550 | 950.000 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 966.550 | 950.000 |
| Skuldir samtals | | 966.550 | 950.000 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 6.740.375 | 5.539.392 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi | 2 | 1.184.433 | 735.302 |
| Veltufé frá rekstri | | 1.184.433 | 735.302 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) | | ( 25.860) | ( 13.608) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 16.550 | 0 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 9.310) | ( 13.608) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.175.123 | 721.694 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 1.175.123 | 721.694 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 5.421.390 | 4.699.696 |
| **Handbært fé í árslok** | | 6.596.513 | 5.421.390 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**b.** Í eigu Almannavarna eru ýmsir lausafjármunir sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum átt við verkfæri og áhöld til notkunar við björgunarstörf.

## 2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | |
|---|---|
| Staða 1.1.2024 | 4.589.392 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 1.184.433 |
| Staða 31.12.2024 | 5.773.825 |

## 3. Framlög aðildarsveitarfélaga

| | 2024 | Áætlun 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Bláskógabyggð | 470.834 | 470.834 | 390.361 |
| Flóahreppur | 243.383 | 243.383 | 232.741 |
| Grímsnes og Grafningshreppur | 194.232 | 194.232 | 176.065 |
| Hrunamannahreppur | 297.619 | 297.619 | 274.326 |
| Hveragerðisbær | 1.122.680 | 1.122.680 | 1.000.719 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 203.045 | 203.045 | 193.168 |
| Sveitarfélagið Árborg | 3.950.396 | 3.950.396 | 3.633.308 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 914.211 | 914.211 | 832.032 |
| | 7.396.400 | 7.396.400 | 6.732.720 |

## 4. Annar rekstrarkostnaður

| | 2024 | Áætlun 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Ritföng, pappír og prentun | 0 | 100.000 | 0 |
| Sími og fjarskiptaþjónusta | 6.789 | 0 | 6.355 |
| Auglýsingar | 0 | 16.000 | 0 |
| Frímerki og burðargjöld | 0 | 80.000 | 0 |
| Brunavarnir Árnessýslu, þjónusta og aðstaða | 966.550 | 950.000 | 950.000 |
| Endurskoðun og ársuppgjör | 599.425 | 600.000 | 491.675 |
| Velferðarverkefni | 0 | 710.000 | 0 |
| Annar kostnaður | 11.203 | 140.400 | 18.140 |
| | 1.583.967 | 2.596.400 | 1.466.170 |

## 5. Framlag vegna verkefnastjóra

Á árinu 2024 var gjaldfært framlag til Lögreglustjórans á Suðurlandi vegna samkomulags um sameiginlegan starfsmann sveitarfélaga og lögreglu í almannavarnarmálum. Verkefnastjórinn er tengiliður sveitarfélaga og lögreglu um þau málefni er varða almannavarnir í héraði og skal hann tryggja samræmi í vinnu sveitarfélaga innan umdæmis lögreglustjórans við áætlanagerð og áhættugreiningu. Komi til almannavarnarástands í umdæminu skal verkefnastjóri vera viðkomandi sveitarfélagi/sveitarfélögum til aðstoðar við skipulag, úrvinnslu og uppbyggingu innviða þess/þeirra eftir áfallið eins og kostur er. Kostnaði er skipt þannig að hvert sveitarfélag greiðir 339 kr. á hvern íbúa á ári og skal miða við íbúatölu samkvæmt skýrslu Hagstofunnar þann 1. janúar ár hvert.

## 6. Aðrar skammtímakröfur

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Endurkræfur vsk | 143.862 | 118.002 |
| | 143.862 | 118.002 |